

Samantekt

Eftirlitsmaður Matvælastofnunar, Jónína Guðmundsdóttir, framkvæmdi eftirfylgni eftirlit þann 19. maí 2026, vegna frávika sem skráð voru í eftirlitsskýrslu nr. 2317, dags. 12. júní 2026. Málið á rætur sínar að rekja til atviks er varðar varðar tjón á búnaði á eldissvæðinu Hringsdal í Arnarfirði þann 17. júní 2025.

Í eftirlitsskýrslu 2317 var alvarlegt frávik vegna þjálfunar starfsmanna sem hafði ekki verið lagfært frá fyrri eftirlitsskýrslu Matvælastofnunar. Veittur var frestur til 16. febrúar 2026 til að ljúka úrbótum.

Matvælastofnun kallaði eftir gögnum þann 23. febrúar 2026, m.a. þjálfunarskrá starfsmanna sem voru við vinnu þann 17. júní 2025. Af þeim gögnum var ljóst að úrbótum var ekki lokið.

Matvælastofnun boðaði dagsektir þann 15. apríl vegna skorts á úrbótum. Eftirlitsþegi sendi þá inn ný gögn sem voru yfirfarin af Matvælastofnun og reyndust ófullnægjandi til að loka báðum frávikunum. Alvarlegt frávik vegna þjálfunar hafði ekki verið lagfært. Þann 13. maí voru lagðar á dagsektir á eftirlitsþega vegna skorts á úrbótum. Eftirlitsþegi sendi Matvælastofnun ný gögn þann 18. maí sem sýndu fram á að úrbótum var lokið að fullu. Þar sem úrbótum var lokið innan fimm virkra daga frá álagningu dagsekta voru þær felldar niður.

Eins og fram hefur komið liggja fyrir gögn sem sýna fram á að þjálfun allra starfsmanna er lokið sem og úrbótum á sannprófun. Öllum frávikum hefur því verið lokað.

Alvarleg frávik	Úrbótafrestur
Rannsókn á stroki - Þjálfunarskrá starfsmanna	Lagfært

Viðstödd heimsókn Arnarlax hf.
Kennitala viðtakenda 580310-0600
Skoðunarmaður Jónína Guðmundsdóttir
Tölvupóstur mast@mast.is

Undirbúningur 0 klst.
Frágangur 1 klst.
Tímar við úttekt 1 klst. og 30 mín.
Akstur 0 klst.

Niðurlag

Þann 19/05/2026 fór fram eftirfylgniskoðun og var skýrsla send viðtakanda 19/05/2026. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 0 skoðunaratriði, þar af 0 alvarleg frávik og 0 frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Nánari útlitun á skoðunaratriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Island.is.

[Lagagrunnur eftirlits](#)

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Rannsókn á stroki - Þjálfunarskrá starfsmanna